

OPIÐ BRÉF,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

6

3. febr.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það, samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, hefur ákveðið, að Alþingi komi saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

Um leið og þetta er birt, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðspjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

RÁÐUNEYTISBRÉF

um setning Alþingis.

7

3. febr.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það veitir hér með forsætisráðherra Hermanni Jónassyni umboð til þess, í nafni ráðuneytisins, að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.